

Umhverfisstofnun

Aðeins sent í tölvupósti: ust@ust.is

26. september 2023

BROT GEGN UMHVERFINU

Krafa um aðgerðir skv. lögum um umhverfisábyrgð, vegna umhverfistjóns eða hættu á slíku tjóni af völdum kynþroska eldislaxa er sluppu úr kví Arctic Sea Farm hf. í Patreksfirði í ágúst 2023

Náttúrugrið, kt. 490721-0960, Bergþórugötu 17, Reykjavík, hafa falið undirrituðum lögmanni að senda neðangreint erindi.

Rekstraraðili: Arctic Sea Farm hf., kt.: 700807-0450, Sindragötu 10, Ísafirði.

Krafa: Að Umhverfisstofnun grípi til lögmaeltra aðgerða skv. III. og V. kafla laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð vegna umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni þegar mikill fjöldi kynþroska eldislaxa slapp úr kví Arctic Sea Farm í ágúst 2023, allt í andstöðu við skyldur rekstraraðila skv. ákvæðum laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og sérlög sem um starfsemina gilda.

Lagaákvæði sem vísað er til: Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, einkum 2., 3., 9. og 10. gr. auk ofangreindra kafla laganna og þeirra ákvæða sem vísað er til í rökstuðningi, 179. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 9. og 11. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 32. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Málavextir: Arctic Sea Farm hf. hefur starfsleyfi Umhverfisstofnunar til sjókvíaeldis í Patreksfirði og Tálknafirði, upphaflega útgefið 26. ágúst 2019 og breytt þann 14. júlí 2022. Leyfið var felld úr gildi 1. desember 2022 að því er varðar breytta staðsetningu eldissvæðis sem kennt er við Kvígindisdal með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 90/2022¹ (Sjókvíaeldi í Patreksfirði og Tálknafirði).² Starfsleyfinu var hinn 5. janúar 2023 breytt til samræmis við úrskurðinn.

Í starfsleyfinu kemur fram, í upphafi undirkafla um umhverfisábyrgð:

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögum. [..]

Undanfarnar tvær vikur hafa farið hátt í fréttum tilvik þar sem kynþroska eldislax úr sjókvíum Arctic Sea Farm hf. hefur gengið upp í fjölda laxveiðiaá. Greint hafði verið frá því 20. ágúst í sumar að göt hefðu komið á kví hjá Arctic Fish í Kvígindisdal í Patreksfirði (Arctic Sea Farm og Arctic Fish virðist notað jöfnum höndum af rekstraraðila³). Um 73 þúsund laxar, sem voru um 6 til 7 kíló, voru í kvínni sem götin fundust á⁴. Í fréttum 21. ágúst s.l. var haft eftir Karli Steinari Óskarssyni, deildarstjóra fiskeldis hjá Matvælastofnun, að um hefði verið að ræða eldislax sem *líklega væri ekki orðinn kynþroska*⁵. Síðan

¹ Sjá [90/2022 Sjókvíaeldi í Patreksfirði og Tálknafirði - Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála \(uua.is\)](#)

² Sjá [Starfsleyfi ASF P&T breyting2022 UUA2023 \(ust.is\)](#)

³ Sjá [ArcticFish.is](#)

⁴ Sjá [Tvö göt fundust í sjókví í Patreksfirði - RÚV.is \(ruv.is\)](#)

⁵ Sjá [Tæplega 73 þúsund þrettán punda laxar voru í kvínni sem göt komu á - Heimildin](#)

hafa hinsvegar veiðst fjölmargir stórir eldislaxar víða um landið, aðallega á Vestfjörðum og á Norðurlandi og eru fréttirnar af því orðnar fjölmargar⁶.

Mun Arctic Sea Farm hafa tilkynnt Matvælastofnun um atvikið 20. ágúst 2023⁷. Af fréttum að dæma, komu göt á kví fyrirtækisins nr. átta í ágústmánuði og um 3.500 eldislaxar sluppu út. Grunur er um að hátt hlutfall eldislaxa hafi verið kynþroska, sem talið er skýra af hverju þeir leita upp í ár á Íslandi í miklum mæli. Haft er eftir Karli Steinari Óskarssyni, deildarstjóra fiskeldis hjá Matvælastofnun, í fjölmiðlum að vísbendingar séu um að laxeldisfyrirtækið Arctic Fish hafi misfarið með ljósastýringu í sjókví í Kvíngindisdal í Patreksfirði, sem göt komu á s.l. sumar, sem leiddu til þess að fiskurinn varð kynþroska. Ljósastýring þessi mun eiga að viðhafa á tímabilinu 20. september til 20. mars ár hvert í samræmi við rekstrarleyfi⁸ og hafa þann tilgang að koma í veg fyrir erfðablöndun við villta laxastofninn með því að seinka kynþroska eldislaxins. Kveikt skal á ljósunum á meðan dagsbirtu nýtur ekki á þessu tímabili. Samkvæmt rannsókn Hafrannsóknastofnunar munu um 35 prósent eldislaxa í annarri kví Arctic Fish í Patreksfirði kynþroska, þrátt fyrir að markmiðið sé að koma í veg fyrir eða seinka kynþroska hans með ljósastýringu. Vegna þessara atvika urðu fleiri af eldislaxunum kynþroska en hefði átt að vera og eykur það líkurnar á erfðablöndun við villta, íslenska laxa.^{9,10}

Matvælastofnun hefur beint kröfu um opinbera rannsókn til lögreglunnar á Vestfjörðum vegna meintra brota á lögum um fiskeldi nr. 71/2008. Byggist sú krafa á því að Arctic Fish hafi ekki sinnt neðansjávareftirliti á laxeldiskví í 95 daga í aðdraganda þess að kynþroska lax slapp úr kvínni, þrátt fyrir að fyrirtækinu beri að sinna slíku neðansjávareftirliti með köfurum á að minnsta kosti 60 daga fresti, auk þess að laxeldisfyrirtækið hafi ekki fjarlægð fóðurtæki úr kvínni líkt og fyrirtækið hefði átt að gera. Fóðurtækið, eða fóðrarinn, hafi í kjölfarið myndað götin tvö á kvína sem eldislaxarnir sluppu út um.¹¹

Rökstuðningur: Krafan er sett fram með heimild í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 55/2012. Náttúrugrið eru aðili kröfu um aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar þar sem samtökin uppfylla skilyrði 33. gr. sbr. 1. mgr. 26. gr. laganna. Samtökin vinna að vernd líffræðilegs fjölbreytileika, eru skráð í fyrirtækjaskrá sem almannahagsmunafélag og hafa þau fyrir á þessu ári staðið að kröfu á grundvelli laga nr. 55/2012 og sendu þá afrit samþykkt sinna til Umhverfisstofnunar og sendi ég þær því ekki með kröfubréfi þessu.

Arctic Sea Farm hf. rekur starfsemi sem fjallað er um í II. viðauka laga nr. 55/2012 og lýtur því ákvæðum laganna.

Lög nr. 55/2012 eru innleiðing á Evróputilskipun nr. 2004/35/EB um umhverfisábyrgð. Reglurnar eru settar til samræmis við svokallaða greiðslureglu eða mengunarbótareglu umhverfisréttarins. Markmið reglnanna er að tryggja, að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni, komi í veg fyrir tjón eða bæti úr tjóni ef það hefur orðið, og beri kostnað af ráðstöfunum sem að því leiðir. Rekstraraðili ber ábyrgð, enda þótt tjón eða hættu á því verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi.

⁶ Sjá m.a. [Grunur um mikið magn strokulaxa: „Þetta er umhverfisslys“ - Vísir \(visir.is\)](#) og [Skelfilegt ástand í veiðiam af völdum strokulaxa - RÚV.is \(ruv.is\)](#)

⁷ Sjá [Upprunagreining staðfestir stök eldislaxa úr sjókvíum Arctic Sea Farm í Patreksfirði | Matvælastofnun \(mast.is\)](#)

⁸ Sjá [fe-1145-asf-patreks-og-talknafjordur-lax-6.800t.pdf \(mast.is\)](#)

⁹ Sjá skýrslu Hafrannsóknarstofnunar frá júlí 2023 [hv2023_25_3f.pdf \(hafogvatn.is\)](#)

¹⁰ Sjá [Eldislax að para sig við villta laxinn \(mbl.is\)](#)

¹¹ Sjá [Beiðni um opinbera rannsókn vegna meintra brota gegn lögum um fiskeldi | Matvælastofnun \(mast.is\)](#)

Fyrirtæki og forsvarsmenn sæta ábyrgð skv. lögum nr. 55/2012 án tillits til þess hvort tjón eða yfirvofandi hættu á tjóni verður rakið til saknæmrar háttsemi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna.

Gildissvið laga nr. 55/2012 er skilgreint í 2. gr. laganna og ná þau til umhverfistjóns sem valdið er við atvinnustarfsemi sem fellur undir II. viðauka laganna eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni af völdum slíkrar starfsemi. Arctic Sea Farm hf. fæst við starfsemi sem fellur undir II. viðauka en um er að ræða starfsleyfisskyldan atvinnurekstur á grundvelli 5. gr. a og 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfi er gefið út af Umhverfisstofnun eins og rakið er í málavöxtum. Þer rekstraraðili ábyrgð samkvæmt lögum nr. 55/2012 þótt tjón eða yfirvofandi hættu á tjóni verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi. Umhverfistjón er skilgreint í 3. gr. laganna og taka lögin til tjóns sem hefur veruleg skaðleg áhrif á vistfræðilegt ástand og vistmegin vatns. Ekki er að mati Náttúrugriða nokkur vafi á að erfðablöndun norsks eldislax við villta íslenska laxastofna hefur slík áhrif, sbr. einnig tilvitnuð skýrsla Hafrannsóknarstofnunar.

Auk refsíábyrgðar skv. 34. gr. laga nr. 55/2012, kunna einstaklingar sem starfa eða störfuðu við þá starfsemi sem um ræðir að hafa gerst sekir um háttsemi sem varðar allt að fjögurra ára fangelsi skv. 179. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og er það skylda Umhverfisstofnunar að bregðast við upplýsingum um þau atvik sem áttu sér stað s.l. sumar og eftirfarandi háttsemi þeirra sem ábyrgð kunna að bera, eins og lýst hefur verið á opinberum vettvangi.

Sýnist hér bæði reyna á mengunarbótareglu náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og varúðarreglu sömu laga auk þess sem brýnt brot sýnist hafa verið framið á ákvæðum laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð auk þess sem á refsíábyrgð einstaklinga kann að reyna skv. almennum hegningarlögum.

Þess er krafist að Umhverfisstofnun bregðist án tafar við erindi þessu með aðgerðum í samræmi við lög.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúrugriða



Sif Konráðsdóttir, lögmaður

Afrit:

Matvælastofnun

Lögreglan á Vestfjörðum